# Týndi sauðurinn

Góður hirðir hafði 100 sauði. Einn þeirra týndist.



Hann yfirgaf hina 99 til að leita að hinum eina týnda.



Hann varð glaður þegar hann fann sauðinn. Hann bar hann heim á herðum sér og fagnaði.



Hann kallaði á vini sína og nágranna. „Samgleðjist mér,“ sagði hann, „því að ég hef fundið sauðinn minn sem týndur var“ (Lúkas 15:6).



**HVAÐ MERKIR SAGAN?**
Þeir sem syndga eru eins og týndir sauðir. Frelsarinn kenndi að á himni væri fagnað þegar syndari iðraðist (sjá Lúkas 15:7).

**Hver er góði hirðirinn okkar?**

„Okkar góði hirðir er óbreytanlegur og hefur sama viðhorf til syndar og syndara eins og hann hafði er hann var á jörðu. . . . Hann elskar okkur svo heitt að hann sá okkur fyrir leið til að iðrast og verða hrein, svo við getum aftur snúið til hans og okkar himneska föður. . . .

„Ég ber vitni um að Jesús Kristur er okkar góði hirðir, sem elskar og liðsinnir okkur. Hann þekkir okkur og gaf líf sitt fyrir sauði sína.“

Öldungur Dale G. Renlund í Tólfpostulasveitinni, aðalráðstefna, apríl 2017 (*Ensign* eða *Liahona*, maí 2017, 32).

MYNDSKREYTING: TIM BRADFORD